



Verðlauna- myndir 2013



Hin nýja kynslóð

Yfirskrift ráðstefnunnar var Fjölmíðlar og kynbáttardómar og umræður snérist á lögfræðis- og verkfræðisráðgjöf. Einn af samráðingum átti að eina áherslu á að tryggja innviðum og minni atvinnuleysis- undirbúið og sam- hópu. Anna Gunnir á að hún gegni að háttu sínu sjórnum líndum fyrir hönd íslenda eins annarra samfélagshópa þótt ráðir þeirra væru ekki eins há-

Devlin á Pressu- balli



-Tjeningarfrelsi er ekki frekar en önnur frelsisréttind. Þetta er segir dómstóllinn í þessum sama dómi að fyrir- mæli um að hver sé heimildarmaður að frásögn stríði gegn 10. grein Mannréttisáttmála Evrópu nema önnur veigahættu sjálfmóðugi. Slíkar takmarkanir kalli þó á mjög gaumgæfilega athugun.

Í Goodwin málinu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn ein sáttmálans. Málavextir voru þeir að William Goodwin,

- **Kjarasamningar** Blaðamannafélagsins
- **Sjónvarpið** vinsæll vinnustaður
- **„Mikill metnaður“**

- **Blaðamanna- verðlaun 2013**
- **Félagaskrá**
- **Ungir blaðamenn**



EFNI BLAÐSINS



Umræðan

- 4** Sigurður Bogi Sævarsson:
Hressandi krafa að vera alltaf vel vakandi – Rætt við Dagnýju Huldu Erlendsdóttur á Fréttatímanum
- 6** Sigurður Bogi Sævarsson:
Orðrómur á götu verði kröftug frétt – Rætt við Gunnar Reyni Valpórsson á Bylgjunni
- 8** Sigurður Bogi Sævarsson:
Bestu hugmyndirnar fæðast rétt fyrir svefninn – Rætt við Gunnþórunni Jónsdóttur á Morgunblaðinu
- 10** Birgir Guðmundsson og Valgerður Jóhannsdóttir:
Flestir vilja vinna í sjónvarpi
- 14** Björn Vignir Sigurpálsson:
Þegar Bernadetta mætti ekki á Pressuballið

Blaðamannaverðlaun

- 18** Tilnefningar dómnefndar:
Blaðamannaverðlaun 2013
- 19** Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Verðlaunamyndir

- 20** Verðlaunamyndirnar 2013
- 25** Myndir ársins 2013
- 26** Björn Vignir Sigurpálsson:
Mikill metnaður í íslenski fjölmiðlun

Útgefandi: Blaðamannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).

Prófarkalestur: Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)

Útlitshönnun: Ásprent

Prentun: Ásprent

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155

Bréfsími 553-9177

Netfang **bi@press.is**

Heimasíða BÍ **www.press.is**

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.

Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson, formaður, og Jóna

Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri.



Félagið

- 28** Stiklur úr sögu BÍ
- 29** Siðareglur BÍ
- 30** BÍ gerir skammtímasamning
- 33** Félagatal

Forsíðumyndin

er mynd ársins 2013 sem Páll Stefánsson tók

Blaðamenn framtíðar

Blaðamenn og annað áhugafók um fjölmiðla ræða oft og iðulega um þær miklu breytingar sem orðið hafa á starfi og umhverfi blaðamenskunnar á undanförunum tveimur áratugum eða svo. Í raun má segja að hraði breytinga hafi aukist eftir því sem nær dregur núinu og er nú svo komið að aðferðir og vinnutæki gærdagsins eru nánast orðin úrelt á morgun. Netmiðlun, margmiðlun, stafræn verkfæri í ljósvaka og prentiðnaði, fartölvur, farsímar, snjallbretti og sjallsímar, 3G og 4G að ógleymdum samfélagsmiðlunum eru allt fyrirbæri sem segja má að hafi komið til skjalanna á starfsævi blaðamanns sem varla er kominn á miðjan aldur!

Tækninýjungar hafa gjörbreytt starfi blaðamannsins. Að sumu leyti hafa þær auðveldað blaðamönnum vinnuna en að öðru leyti hafa þær gert vinnuna flóknari og erfiðari. Það er fljótlegt að nálgast ýmis konar upplýsingar sem liggja á netinu og á augabragði er hægt að finna og fletta upp hlutum sem kölluðu jafnvel á margra klukkutíma vinnu fyrir nokkrum árum. En björninn er ekki unninn með því einu að aðgengi að upplýsingum sé auðveldara. Gagnagrunnurinn hefur líka margfaldast og hvers kyns ónákvæmni og villur leynast gjarnan í þeim hafsjó réttu og rangra upplýsinga sem finna má á netinu.

Að greina hvað er áreiðanlegt og brúklegt, greina kjarnann frá hisminu og segja almenningi frá því sem skiptir máli er því áfram og raunar í vaxandi mæli hið mikilvæga hlutverk blaðamanna. Ganga má svo langt að segja að breytingarnar í fjölmiðlaumhverfinu krefjast þess að blaðamenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og tilgang, sameiginleg gildi og siðareglur og allt það sem skilgreinir þá sem sérstaka fagstétt. Það sem þrýstir á um að slíkar skilgreiningar séu á hreinu og að blaðamenn hafi þær á hraðbergi er að landamæri blaðamennsku og annarrar upplýsingagjafar eru orðin loðin. Hinum mikla vexti í skrifum og upplýsingagjöf á bloggsíðum, samfélagsmiðlum og frá PR-fólki er iðulega stillt upp sem einhvers konar blaðamennsku og þar með er gengisfelldur sá mikilvægi vettvangur sem faglega meðhöldlaðar upplýsingar unnar af blaðamönnum eru. Þrátt fyrir allar breytingar og tæknibyltingar, er kjarni blaðamenskunnar áfram sá sami og þau gildi sem fagleg blaðamennska hefur í heiðri gilda ekki síður í fjölmiðlun dagsins í dag en miðlum gærdagsins.

Fáir efast um að þær nýju kynslóðir blaðamanna sem hafa á undanförunum árum verið að stíga inn á sviðið séu almennt færari í nýjum tæknilegum útfærslum og aðferðum en þeir blaðamenn sem eldri eru. Slíkt er auðvitað eðlilegt, nýjar kynslóðir hafa alist upp við tæknina á meðan þær eldri hafa þurft að tileinka sér hana eftir að viðkomandi komst á fullorðinsár. En spurningar hljóta að vakna hvort þessar nýju kynslóðir hafi að einhverju leyti aðra sýn og hugmyndir um blaðamenskuna en fyrirrennarar þeirra.

Í þessu tölublaði Blaðamannsins er leitað svara við þessum spurningum og rætt við unga og efnilega blaðamenn ásamt því að birta niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal nema í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri annars vegar og í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands hins vegar. Þessir blaðamenn framtíðarinnar gefa fyrirheit um að blaðamennska sem fag muni eflast. Ef marka má hve sterklega hefðbundin gildi faglegrar blaðmennsku koma fram hjá þeim er ástæða til að ætla að þrátt fyrir mikla og róttæka byltingu í aðferðum og umhverfi fjölmiðlunarinnar muni verða traustvekjandi samfella í blaðamenskunni sjálfri.

Birgir Guðmundsson

STJÓRN BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Aðalstjórn:

Hjálmar Jónsson, form.
Óli Kristján Ármannsson, Fréttablaðið, varaform.
Erla Hlynsdóttir, Fréttatíminn, ritari
Egill Ólafsson, Morgunblaðið, gjaldkeri
Rakel Ósk Sigurðardóttir, Birtingur
Helga Arnardóttir, Stöð 2

Varamenn:

Sólrun Ragnarsdóttir, DV
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingur
Hóskuldur Kári Schram, Stöð 2

Samningaráð:

Hjálmar Jónsson, formaður B.Í.
Óli Kristján Ármannsson, varaform.
Guðni Einarsson, Morgunblaðið
Rakel Ósk Sigurðardóttir, Birtingur
Hóskuldur Kári Schram, Stöð 2
Kolbeinn Þorsteinsson, DV

Varamenn:

Lilly Valgerður Pétursdóttir, Stöð 2
Fríða Björnsdóttir
Erla Hlynsdóttir, Fréttatíminn

Dómnefnd Blaðamannaverðlauna:

Björn Vignir Sigurpálsson, formaður
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir
Jóhannes Tómasson
Arna Schram
Svanborg Sigmarsdóttir

Menningar- og orlofshúsaþjófur:

Fríða Björnsdóttir, formaður
Lúðvík Geirsson
Hilmar Karlsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson

Stjórn Styrktarsjóds:

Arndís Þorgeirsdóttir
Hjálmar Jónsson
Lilly Valgerður Pétursdóttir

Varamenn:

Fríða Björnsdóttir
Guðni Einarsson
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Siðanefnd BÍ:

Björn Vignir Sigurpálsson, form.
Hjörtur Gíslason blaðamaður, varaform.
Friðrik Þór Guðmundsson,
blaðamaður og stundakennari við HÍ
Ásgeir Þór Árnason hrl., fulltrúi útgefanda
Róbert H. Haraldsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn:

Jóhannes Tómasson, fyrrv. blaðamaður
Valgerður Jóhannsdóttir, fyrrv. fréttamaður
Sigríður Arnadóttir, fyrrum fréttastjóri

Hressandi krafa að vera alltaf vel vakandi

Dagný Hulda Erlendsdóttir er blaðamaður með starfsreynslu úr utanríkisþjónustunni

Frá unglingsárum var draumur Dagnýjar Huldu Erlendsdóttur að verða blaðamaður. Hún hóf störf á Fréttatímanum fyrir um ári. Var fyrst í starfsnámi, síðan í sumarafleysingum en fékk í framhaldinu fastráðningu. Er sá framgangur líkur því sem margir hafa fengið; það er að fá tækifærið til að byrja og svo fer boltinn að rúlla. „Að taka þetta svona í nokkrum skrefum

var eiginlega útpæld aðgerð,“ segir Dagný Hulda.

Ráðuneytið og Japan

Mennt er máttur og sú breyting hefur orðið að flestir blaðamenn eru með háskólapróf. Áður var stúdentspróf algengara viðmið, enda þó bakgrunnur fjölmiðlafólks sé jafn ólíkur og

það er margt. Þannig er Dagný Hulda með BA-próf í rússnesku og dvaldi einn vetur í Sankti-Pétursborg við nám. Það var í kringum aldamótin.

„Í æsku ætlaði ég mér alltaf að verða fréttaritari í Rússlandi. Það hefur reyndar ekki gengið eftir enn en hver veit hvað verður í framtíðinni? Síðar lauk ég svo meistaranámi í alþjóðasamskiptum frá HÍ og tók tvö nám-



„Í æsku ætlaði ég mér alltaf að verða fréttaritari í Rússlandi. Það hefur reyndar ekki gengið eftir enn en hver veit hvað verður í framtíðinni?“ segir Dagný Hulda, hér stödd á ritstjórn Fréttatímans. Ljósni: Hari.

skeið í blaðamennsku með,“ segir Dagný sem starfaði sex ár samfleytt í utanríkisþjónustunni. Var fyrst þrjú ár í utanríkisráðuneytinu hér heima og önnur þrjú hjá sendiráði Íslands í Tókyó í Japan. Fór svo í nám, eignaðist börn og hellti sér svo út í blaðamennskuna.

Öll reynsla og nám nýtist

„Öll reynsla nýtist í blaðamenskunni og hefur þekking úr náminu oft reynst mér vel,“ segir Dagný. Hún skrifar efni Líftímans að miklu leyti, það er sérblaðs um heilbrigðismál í breiðri merkingu, en sá blaðauki fylgir Fréttatímanum mánaðarlega. Þá skrifar hún í ýmis önnur sérblöð Fréttatímans svo og fréttir og annað efni ef svo ber undir.

„Mér finnst virkilega gaman í vinnunni. Það gerist einhvern veginn alltaf þegar maður er að skrifa að það kviknar áhugi á málefnum. Sama hversu óspennandi það gæti virkað í fyrstu. Ég er sífellt að læra eitthvað nýtt um blaðamennsku og finnst ég vera á réttri hillu og ætla að halda áfram í faginu svo lengi sem mér finnst það skemmtilegt og ögrandi.“

Alltaf að leita hugmynda

Þegar Dagný Hulda byrjaði á Fréttatímanum segist hún hafa komið með langan lista af málum sem væru verð umfjöllunar. Hún kveðst í upphafi hafa óttast að sá tími kæmi að listinn væri tæmdur og hún sjálf þurrausin. Ástæðulaust hafi hins vegar verið að bera kvíðboga fyrir þessu. Slíkt gerist ósjálfrátt með því að vera alltaf að leita hugmynda.

„Það er erfitt að nefna einhvern einn stað sem er helsta uppsprettan. Það er hægt að segja að hugmyndirnar komi alls staðar að. Stundum í spjalli við vini og fjölskyldu eða aðra. Stundum af Facebook eða bara úti í göngutúr,“ segir hún.

Fjölbreyttir dagar

Óhætt er að segja að ritstjórn fjölmiðils sé undarlegur heimur. Oft hefur til dæmis í leiknu sjónvarpefni verið brugðið upp svipmyndum úr þessari veröld, þar sem allt virðist leika á



Molar Eids Guðnasonar eru mikið lesnir af fjölmiðlafólki. „Ég er sérlegur aðdáandi,“ um skrif ráðherrans fyrrverandi. Ljósmynd: -sbs

reiðskjálfi svo ókunnugir ætla að á ritstjórn hefjist ragnarök.

„Já, dagurinn getur verið fjölbreyttur og felur oft í sér óvænt verk efni. Um daginn tók ég til dæmis viðtal við skíðakennara og langaði alveg rosalega mikið á skíði eftir það. Þetta er dæmi um hve ólíkum aðstæðum og verkum maður lendir stundum í og oftast mjög áhugaverðum,“ segir Dagný Hulda og heldur áfram:

„Fréttatíminn er vikublað svo skilin hjá okkur eru því sennilega ekki eins stressandi og hjá blöðum sem koma út daglega. Það er frekar hressandi krafa að vera alltaf vel vakandi í starfinu og hentar ágætlega fyrir forvitinn fréttafíkil eins og mig.“

Læri af Molum Eids

Nú gagnrýna margir málfar yngra fjölmiðlafólks, það hafi ekki þekkingu á sögulegu samhengi, staðhættum, mönnum og málefnum. Er þessi gagnrýni réttmæt?

„Mér finnst slík fjölmiðlagagnrýni af hinu góða, svo lengi sem hún er mál-efnaleg. Ég er sérlegur aðdáandi vefseturs Eids Guðnasonar, eidur.is og hef lært ýmislegt af lestri Molanna þar. Þó verður að hafa breytt umhverfi fjölmiðla í huga. Á netmiðlum er ef til vill sums staðar áhersla á magn fremur en gæði og þá getur það bitnað á vinnubrögðum og málfari, sama hvort það er yngri eða eldri fjölmiðlafólk sem í hlut á. Á blaði er prófarkarlestur hluti af ferlinu en auðvitað væri æskilegt að slíkt myndi tíðkast líka á netmiðlum,“ segir Dagný Hulda og heldur áfram:

„Áður en ég byrjaði í blaðamennsku fór það alveg svakalega í taugarnar á mér að sjá málfars- og ásláttarvillur í fréttum en ég er orðin mun umburðarlyndari núna. Það þekja það sennilega flestir að lesa sinn eigin texta og finna ekki neinar villur en svo þegar annar les yfir kemur ýmislegt í ljós sem betur má fara.“

-sbs

Orðrómur á götu verði kröftug frétt

Byrjaði á Blaðinu en nú í Bylgjufréttum – Gunnar Reynir Valpórsson kynntist veröld fjölmiðlanna ungur

Gunnar Reynir Valpórsson hefur verið viðloðað blaðamennsku í bráðum tíu ár. Hefur frá árinu 2007 starfað hjá 365 miðlum. Var áður á Blaðinu, fyrirrennara 24 stunda, og um hríð lausapenni fyrir ýmsa miðla og útgáfufyrirtæki. Með öðrum orðum sagt þá byrjaði hann snemma að safna í reynslubankann. Lærði vinnubrögð blaðamennskunnar og kynnti sér fólk og fyrirbæri – og menn og málefni. Slíkt

segir hann hafa reynst sér vel í starfinu og sómuleiðis nám í stjórn málafræði við Háskóla Íslands.

Dautt mál er fínasta fréttæfni

„Ég man ekki til þess að hafa nokkru sinni tekið meðvitaða ákvörðun um að leggja blaðamennsku eða störf við fjölmiðla fyrir mig. Faðir minn, Valpór Hlööversson, hefur verið í þessu

stússi lengi og nú í meira en tuttugu ár hjá Athygli við alls konar útgáfu- og kynningarstörf. Af því leiddi að ég kynntist veröld fjölmiðla fljótt og það kom svoltið af sjálfu sér að ég færi í þennan bransa,“ segir Gunnar sem hefur með höndum umsjón morgun- og hádegisfréttu á Bylgjunni.

„Það er oft gaman á Bylgjuvöktunum á morgnana með Gissuri Sigurðssyni, sem er í raun og veru ákveðin



Gunnar Reynir Valpórsson hefur starfað hjá 365 í sjö ár og er nú umsjónarmaður hádegisfréttu. Fréttablaðið, Bylgjan, Vísir og Stöð 2, við erum öll á sömu ritstjórn og í sama liði en hver gátt eða fjölmiðill hefur sín eigin lögmál.“

Ljósmynd: Pjetur.

stofnun í samfélaginu. Kannski kemur slíkt að nokkru leyti af sjálfu sér þegar menn hafa verið lengi í þessu slarki. Þá verða til sambönd og allskonar þræðir. Við samstarfsmenn Gissurar vitum að ótrúlega margir hafa samband beint við hann með ábendingar sem honum er lagið að gera sögur úr. Það sem virðist dautt mál getur orðið finasta fréttæfni í hans höndum. Svo er hann líka frábær þulur – sem segir fréttina sem er allt annað en að hún sé bara lesin. Í því liggur galdurinn.“

Öll í sama liði

Bylgjumaðurinn kemur í hús á sjötta tímanum á morgnana en fyrstu fréttir dagsins fara í loftið kl. sjö. Sá fréttatími er – sagt í ofurlítið upphöfnum stíl – eins konar skólalbjalla sem hringir Ísland inn nýjan dag. Eftir því sem líður á morguninn tínist mannskapur í hús og klukkan hálf níu setjast vaktstjórar 365 niður og skipulegga það sem er í kortunum.

„Menn plana næstu klukkutíma og fara lauslega yfir hvaða málum skuli keyrt á. Fréttablaðið, Bylgjan, Vísir og Stöð 2, við erum öll á sömu ritstjórn og í sama liði en hver gátt eða fjölmiðill hefur sín eigin lögmál og þvert yfir línuna þarf að vera fjölbreytni,“ segir Gunnar Reynir.

Í fóstun hádegisfréttahópi Bylgjunnar eru auk Gunnars Reynis og Gissurar, þeir Höskuldur Kári Schram og Heimir Már Pétursson auk þess sem þeir fá liðveislu frá öðrum af ritstjórninni eftir þörfum.

Finna íslenskan flöt

„Verkaskiptingin á morgnana á Bylgjinni er sú að ég tek gjarnan erlendu fréttirnar. Sú var tíðin að allt byggðist á fréttaskeytum Reuters og AP. Við styðjumst enn við slíkar veitur en svo er auðvitað tekinn rúntur um helstu fjölmiðla á netinu, til dæmis BBC, CNN, New York Times og Guardian svo dæmi séu tekin. Svo reynir maður að taka Norðlöndin eftir því sem færi gefst, þá til dæmis ríkisstöðvarnar NRK, SVT og DK og svo vefi blaða eins og Dagens Nyheter í Svíþjóð, Jótlandspóstsins og Berlingske í Dan-



Fréttavaktir á Bylgjinni með Gissuri Sigurðssyni eru skemmtilegar segir Gunnar Reynir. „Þá verða til sambönd og allskonar þræðir,“ segir Gunnar um feril Gissurar sem hér er með Guðna Ágústssyni á góðri stundu. *Ljósmynd: -sbs*

mörk og VG í Noregi,“ segir Gunnar og heldur áfram:

„Stundum fær maður á tilfinninguna að áhugi landans á erlendum málefnum sé dálítið takmarkaður. Það kveikir hins vegar ef hægt er að finna íslenskan flöt á málinu. Í því tilliti er oft í gegnum samskiptasiður vefsins hægt að finna þráð til að rekja sig eftir. Það gildir raunar um alla fréttaðflun almennt, á fésbókinni sést svolítið hvernig landið liggur og hver stemningin í þjóðfélaginu sé, hvað fólk er að tala um og svo framvegis. Þetta er að nokkru leyti hliðstæða við heita pottinn í sundlauginni. Maður fær oft finar hugmyndir í gegnum samfélagsmiðlana. Það er skemmtileg áskorun að breyta því sem maður sér þar eða heyrir sem orðróm úti á götu í kröftuga frétt. Allt byggir þetta annars á því að vera fljótur að setja sig inn í mál og fylgjast með umhverfi sínu.“

Unga fólkmiðli til hinna eldri

Sú gagnrýni hefur verið áberandi að undanförunu – og er kannski raunar alltaf – að nýliðar í fjölmiðlastétt hafi ekki þau tók á íslensku máli sem æskilegt væri. Hafi sömuleiðis ekki nauðsynlega þekkingu á sögulegum staðreyndum, landafræði og fleiru

slíku. Sjái ekki samspil þeirra ólíku afla sem mætast í þeirri deiglu sem kölluð er þjóðfélag. Gunnar Reynir segir þessi sjónarmið sjálfsgagt eiga nokkurn rétt á sér. Hins vegar megi ekki heldur gera of mikið úr meintum vandamálum í þessu sambandi, til dæmis hvað málfar áhrærir. Íslenskan sem lifandi tungumál bæði þróist og breytist.

„Vissulega ber meira á málvillum og ambögum í dag en áður. Hluti af skýringunni er sú að með Netinu hefur krafan um hraða og stödugt flæði fréttar orðið hávær. Þá er það ekki lengur svo að allur texti sé prófarkalesinn fyrir birtingu. Oft þarf að breyta texta, lagfæra, umórða, skýra hugsun betur og svo framvegis – eftir að fréttin er farin í loftið. Og þá hefur netið auðvitað þann kost að alltaf er hægt að bæta úr. Í ljósvakanum – hvað þá blöðum – verður það sem gert er hins vegar ekki aftur tekið. Annars byggist árangur í þessu eins og öðru á samvinnu; að þeir sem eru gamalreyndir í faginu miðli af reynslu, samböndum og þekkingu. Á sama hátt verður yngra fólkmiðli sem kann á farsímafjölmiðlun, tístið, samfélagssíður og fleira slíkt, að leggja sitt af mörkum til þeirra sem eldri eru.“

-sbs

Bestu hugmyndirnar fæðast rétt fyrir svefninn

Læri alltaf eitthvað nýtt, segir Morgunblaðskonan Gunnþórunn Jónsdóttir

„Þegar ég hitti áhugavert fólk koma nánast undantekningarlaust upp hugmyndir að fréttum eða umfjöllun. Ég er ekkert sérstaklega góð í því að sitja á mér og mínum skoðunum. Læt því oftast vaða, fer að spyrja hvort fólk hefði áhuga á að koma í viðtal,“ segir Gunnþórunn Jónsdóttir blaðamaður. Margir í stéttinni geta sjálfsagt sagt svipaða sögu, mikilvægt er að vera vakinn og sofinn í starfinu til að ná árangri. Hafa augun opin og muna þau einföldu sannindi að þar sem er fólk eru fréttir.

Gunnþórunn segir að nánast tilviljun hafi ráðið því að hún fór í blaðamennsku. Í framhaldsskóla hafi íslenskan verið sitt eftirlætisfag. Þegar kom að námi í Háskóla Íslandi hafi valið staðið á milli íslensku og stjórnmálafræði.

Með viðkomu á flestum póstum

„Þó síðari kosturinn hafi orðið fyrir valinu hef ég alltaf haft gaman af því að skrifa. Tók því fjölmíðlafræði sem aukafag í háskólanum. Þetta tvennt spilaði vel saman,“ segir Gunnþórunn.

Hún fylgdi hvatningu góðs vinar og sótti um sumarstarf á Morgunblaðinu vorið 2010. Fékk inni og hefur verið viðloða blaðið síðan. Var fastráðin um sl. áramót.

„Morgunblaðið er eini miðillinn sem ég hef starfað á og líkar einstaklega vel,“ segir Gunnþórunn. Á Moggafærlinum hefur hún haft viðkomu á flestum póstum ritstjórnar. Verið í innlendum fréttum, á mbl.is, í menningardeild, dægurblaðinu Monitor og á sunnudagsblaðinu. „Smátt og smátt öðlaðist maður reynslu og voru falin veigameiri verkefni,“ segir Gunnþórunn sem síðustu misserin hefur verið á sunnudagsblaðinu og er hægri hönd umsjónarmanns þess, Eyrúnar Magnúsdóttur.

Skrifblokk á náttborðinu

„Ég gæti vel séð fyrir mér að vera hér til lengri tíma. Hugsa að ég fúnkeri best í fjölbreyttu starfsumhverfi sem blaðamennskan er – og get svalað forvitni minni á ýmsum sviðum. Hér er maður alltaf að læra eitthvað nýtt,“

segir Gunnþórunn. Hugmyndir að umfjöllunarefni segir hún annars koma úr öllu sínu umhverfi, frá áhuga-verðu fólki, facebook, sjónvarpinu, erlendum tímaritum og svo framvegis.

„Það er alltaf gaman að sjá og hitta fólk sem er að gera eitthvað nýtt og spennandi í lífinu og fer sínar eigin leiðir. En eins og margir kannast við þá koma ef til vill bestu hugmyndirnar nokkrum mínútum áður en svefninn tekur við. Það getur því komið sér vel að hafa skrifblokk og penna á náttborðinu.“

Gagnrýnin sé málefnaleg

Í sinni einföldustu mynd má segja að eðli blaðamennskunnar liggja í því að fólk sé fljótt að lesa umhverfi og aðstæður. Gera sér ljóst hvort eitthvað sé í gangi sem í frásögur er færandi. Og ef svo er, þá þarf fólk að ganga snarlega, að breyta fyrirbærinu í frétt. Að ná þessum takti er fólki misjafnlega vel gefið og sumir staldra ekki lengi í starfinu. Aðrir finna sig hins



Gunnþórunn hefur verið á Morgunblaðinu frá árinu 2010. „Ég gæti vel séð fyrir mér að vera hér til lengri tíma. Hugsa að ég fúnkeri best í fjölbreyttu starfsumhverfi,“ segir hún í viðtalinu.

vegar í starfinu – og ná að tileinka sér menningu þess.

„Sunnudagsblaðið kemur út einu sinni í viku. Við erum kannski ekki undir eins miklu álagi og þeir sem skrifa í Morgunblaðið daglega. Stressið hjá okkur kemur helst í lok viku og það er góð tilfinning þegar blaðið fer í prentun og haldið er heim inn í rólega helgi,“ segir Gunnþórunn sem kveðst jafnan vinna best undir álagi.

Svo er það þetta sem Gunnþórunn nefnir hér að framan, álag og stress. Asinn er oft mikill og þá verður fólki stundum á í messunni. Fljótaskrift, ambögur og staðreyndavillur geta flotið í gegn. Um þetta segir hún að sannarlega eigi gagnrýni stundum rétt á sér, það er sé hún málefnaleg og þannig að læra megi af.

Net og blað er sithvort umhverfið

„En þegar átt er við málfar og stafsetningu, þá get ég ímyndað mér að helsta gagnrýnin er á netið. Þar er hraðinn mikill og kröfur um magn á fréttaveitum geta oft komið niður á gæðum og málfari. Blaðamenn á netinu og blaðamenn á dagblöðunum starfa því í raun í sitt hvoru umhverfinu,“ segir Gunnþórunn og heldur áfram:

„Efni á netinu fer ekki í gegnum síu prófaraklesara, ólíkt því sem er raunin með prentmiðilinn. Þó er lítið mál að fara inn í fréttina á netinu og laga til. En þegar talað er um fréttabörn eða önnur viðlíka viðurnefni eru notuð, þá brosir maður bara. Það er gjarnan þannig að eftirmenn sæta oft töluverðri gagnrýni af hálfu forvera og er það bara eðlilegt. Enginn er fullkom-

inn og allir gera mistök, bæði nýliðar sem reynsluboltar,“ segir hún og bætir við að það geti komið sér vel að reyndara starfsfólk leiðsegi því yngra og miðli af reynslu sinni.

Innleiða ný vinnubrögð

„Á sama tíma finnst mér mikilvægt að innleiða ný vinnubrögð, sem þurfa ekkert endilega að koma frá þeim yngri. Gott dæmi um það, þá er pabbi minn Jón Kristjánsson, alveg hrikalega duglegur að setja sig inn í allar þær tækninýjungar sem fleytir nú fram. Hann er alltaf að sýna mér eitthvað nýtt og sniðugt sem hefur komið mér að góðum notum í vinnunni sem og annars staðar og ég kann vel að meta það.“

-sbs

Flestir vilja vinna í sjónvarpi



Nemendur sem leggja stund á fjölmiðlanám til BA prófs við Háskólann á Akureyri og nemendur sem stunda MA nám í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands eru flestir ákveðnir í að þeir vilji starfa við blaðamennsku að námi loknu. Tæplega sjö af hverjum tíu hyggjast leita fyrir sér í blaðamennsku, einhverjir nemanna eru óákveðnir en mjög fáir sem telja sig ekki munu leggja stund á blaða- eða fréttamennsku eftir skóla.


Þetta er meðal þess sem kemur fram í íslenskum hluta í norrænni könnun sem gerð var meðal nema í blaða- og fréttamennsku og fjölmiðlafræði í samstarfi við norræna háskóla og gengur undir heitinu Höfðabrekkuverkefnið. Það felst meðal annars í sameiginlegri netkönnun sem lögð var fyrir nemendur á Norðurlöndunum árin 2005, 2008 og 2012. Ísland var með í fyrsta sinn árið 2012 og segja má að allir norrænir blaðamannaháskólar, 28 talsins, hafi verið með í verkefninu árið 2012. Tilgangur könnunarinnar er að freista þess að kortleggja og greina viðhorf og afstöðu nema í blaðamennsku (fjölmiðlafræði) til blaðamenskunnar sem fags, hvaða hugmyndir þeir hafa um hana og hvernig þeir nálgast hana. Vonast er til að niðurstöðurnar megi síðan nýta til að endurbæta námsframboð og námsaðferðir. Svarhlutfallið í þessari könnun var nokkuð misjafnt eftir löndum árið 2012, frá 39% í Svíþjóð og upp í 60% í Noregi, en svarhlutfallið hér á Íslandi var hins vegar langhæst eða 68%.

Almennt má segja að íslenskir nemar séu á nokkuð svipuðu röli og kollegar þeirra á hinum Norðurlöndunum, eins og t.d. hvað varðar

mikinn áhuga þeirra á að vinna í sjónvarpi. Hér á landi er blaða- og fréttamenska kennd á MA stigi við Háskóla Íslands, en annars staðar á Norðurlöndum er þetta BA nám þó sífellt aukist möguleikar á framhaldsnámi. Á Akureyri er heldur ekki kennd hrein blaðamenska heldur fjölmiðlafræði (Media studies) sem hefur engu að síður nokkra áherslu á blaðamennsku og er á BA stigi líkt og gráðurnar í nágrennlöndunum. Hér á eftir verða skoðaðar nokkrar áhugaverðar niðurstöður úr íslenska hluta könnunarinnar og munurinn milli skólanna tilgreindur þegar það á við. Skiptingin á nemendahópnum í HÍ annrs vegar og HA hins vegar var nokkuð ólík. Í HÍ voru nemendur að meðaltali nokkuð eldri en í HA, eða 34 ár á móti 27 árum, en það er eðlilegt þar sem annars vegar er um framhaldsnám að ræða en hins vegar nám á BA stigi. Þá var hlutfall kvenna nokkuð hærra í hemendahópnum í HÍ, eða 71% konur á móti 29% karla. Á Akureyri var þetta hlutfall hins vegar 63% konur á móti 37% körlum.

Væntingar og sýn framtíð

Hluti könnunarinnar sneri að því sem kalla má væntingar námsmannanna til blaðamenskunnar og þess að starfa sem blaðamaður. Í þeim flokki var meðal annars spurt um




Mynd 1. Hér má sjá svör þeirra sem svörðu mjög eða frekar mikilvægt við eftirfarandi spurningu: Hér eru nefndar nokkrir mögulegar ástæður fyrir því að vilja starfa sem blaða- og fréttamaður. Merktu við hversu mikilvæg eða lítilvæg hver þeirra er fyrir þig.

ástæður þess að viðkomandi vildi gerast blaðamaður. Fjölmargar hugsanlegar ástæður voru nefndar og voru nemendurnir beðnir um að segja til um hversu mikilvægt eða lítilvægt hvert atriði var í þeirra augum.

Eins og sjá má á Mynd 1 er margt sem spilar inn í ákvörðun námsmanna um að leggja fyrir sig blaðamennsku. Áberandi eru þó ástæður sem vísa til þess að viðkomandi er að velja sér framtíðarstarf sem hann telur að sér gæti líkað við. Þannig eru mjög margir sem merkja við valkosti eins og „lifandi starf“, „hitta áhugavert fólk“, „á mínu áhugasviði“, „sjálfstæði og frelsi“ og svo framvegis. En jafnframt er athyglisvert að ástæður sem vísa til ákveðinnar hugsjónar eða þjónustu við almenning skipta líka talsvert miklu máli s.s. „vinna gegn ranglæti“, „einfalda flókin mál“, „hjálpa einstæðingum“ og „veita áhrifafólki aðhald“, koma sterkt þarna inn líka. Skammt á eftir og tiltölulega aftarlega koma svo efnahagslegar ástæður s.s. „atvinnuöryggi“ og „launin“, en lestina reka ástæður sem ef til vill má flokka sem hégóma s.s. „meiri virðing“, „hitta frægt fólk“ og að „verða frægur“.



Mynd 3. Hér má sjá svör við spurningunni: Ef þú gætir valið sjálf(ur): Um hvað vildirðu allra helst fjalla sem blaða- og fréttamaður (hámark 2 möguleikar).



Mynd 2. Hér má sjá svör þeirra sem sögðu frekar eða mjög mikið við spurningunni: Hér fylgir listi yfir nokkur námskeið og námsgreinar og við biðjum þig að merkja við hversu mikilvægt þú telur þau vera í góðu námi.


Nemum í báðum skólum finnst mikilvægt að læra um atriði sem tengjast beint starfi við blaða- og fréttamennsku, en síður fræðilegum hlutum í tengslum við fjölmiðlun (Mynd 2). Í raun kom ekki fram mikill munur á milli skólanna varðandi þessar áherslur, en þó mátti greina meiri áherslu á Akureyri á þætti eins og fjölmiðlakenningar, fjölmiðlasiðfræði og málfr.

Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem leggur stund á nám í

fjölmiðlafræði og blaða og fréttamennsku virðist nokkuð ákveðinn í að starfa við fagið að námi loknu. Þannig segja um 68% nemanna að þeir séu nokkuð eða alveg viss um að leita sér vinnu við blaðamennsku en einungis örfáir segjast ákveðnir í að gera það ekki. Um fjórðungur er hins vegar óákveðinn. Þá kemur fram í svörum þeirra umtalsverð trú á hefðbundnum fjölmiðlum því þar sjá flestir fyrir sér að vinna. Sjónvarp er sá miðill sem flestir nemendur vilja sérhæfa sig í en 47% tiltóku þann valkost. Næst vinsælasti valkosturinn til sérhæfingar er dagblað (36%) og þá valkostirnir útvarp og „engin sérhæfing“ en 29% nefndu þá kosti. Sérhæfing í netmiðlun virðist ekki vera mjög stór valmöguleiki í hugum nemendanna en aðeins fjórði hver merkti við þann möguleika. Miðað við þessa niðurstöðu er greinilegt að nemar í fjölmiðlafræði og blaða- og fréttamennsku, fólk sem stefnir markvisst í blaðamennsku, sér ekki fyrir sér mikla byltingu í greininni hvað miðla varðar, ekki á næstunni í það minnsta.

Áhugamál nemanna endurspeglast í svörum þeirra við spurningunni um hvað þeir myndu helst vilja fjalla. Þar kemur fram mikill fjölbreytileiki eins og sjá má á Mynd 3. Raunar eru flokkarnir sem í boði eru sumir hverjir nátengdir og erfitt t.d. að gera greinarmun á innlendum fréttum og stjórnsmálum og efnahagsmálum, en þó koma fram ákveðin blæbrigði. Rétt er að geta þess að svarendur gátu merkt við tvo flokka. Menning virðist vera nemunum ofarlega í huga en þó er e.t.v. markverðast að skoða hvað

Það er sem lítil eða enginn áhugi er á að fjalla um. Þar vekja sérstaka athygli umhverfismál sem enginn merkir við og svo erlendar fréttir sem aðeins 2% svarenda merkja við. Báðir þessir flokkar hafa umtalsvert vægi í þjóðfélagsumræðunni, en virðast hins vegar ekki höfða til væntanlegra blaðamanna, ekki enn í það minnsta.



Mynd 4. Hér má sjá hlutfall svarenda sem töldu tilnefnd atriði frekar eða mjög mikilvæga eiginleika hjá blaðamanni.

Sýn á blaðamenn og blaðamennsku

Í könnuninni var reynt að draga fram hvaða hugmyndir verðandi blaðamenn gera sér um blaðamannsstarfið eða blaðamennskuna sem fag og svo hvað þeir telja einkenna störf



Mynd 5. Hér má sjá hlutfall þeirra í hvorum skóla fyrir sig sem töldu viðkomandi atriði einkenna íslenska blaðamenn í mjög miklum eða frekar miklum mæli.

þeirra blaðamanna sem starfandi eru í dag. Eins og sjá má á Mynd 4 þar sem spurt er um hvaða eiginleikar séu mikilvægir hjá blaðamanni sjá nemendurnir blaðamennsku ekki síður sem hugsjón en sem launavinnu. Þannig er miklu mikilvægara fyrir blaðamann að hafa réttlætiskennnd (93%) heldur en að vita hvers konar efni selur (53%). Þá kemur fram sterk áhersla á nákvæmi og vandvirkni, dugnað, forvitni og þekkingu. Allt eru þetta eiginleikar sem fullyrða má að séu líka almennt taldir mikilvægir meðal starfandi blaðamanna.

Svo virðist sem í flestu séu nemendur í blaða- og fréttamennsku við HÍ og svo nemendur í fjölmiðlafræði á Akureyri nokkuð samstiga hvað varðar áherslur og sýn á hlutverk blaðamanna og fjölmiðla. Hins vegar kemur fram sláandi munur þegar spurt er um mat á því hvernig ýmis grundvallaratriði fjölmiðlunar eru útfærð og hvað það sé sem einkenni eða setji mark sitt á störf blaðamanna. Nemendur við Háskólann á Akureyri hafa að mörgu leyti mun dekkri eða gagnrýnni sýn á störf blaðamanna en nemar í HÍ hafa. Þessi munur kemur vel fram á Mynd 5.

Sérstaklega er þessi munur áberandi í mati nemendanna á hlut blaðamannanna í frásögninni þar sem nær helmingi hærra hlutfall nema á Akureyri en í Reykjavík telur blaðamenn ýmist vera að skapa eða búa til fréttirnar frekar en að miðla því sem gerist. Sama mynd kemur fram í spurningunni um hvort viðhorf blaðamanna liti fréttir þeirra. Önnur atriði eru athyglisverð líka í þessum mun, s.s. það að 66% nema á Akureyri telja fréttamenn dramatísera atvörðla en mun færri nemar við HÍ eru á sama máli. Hér gæti bakgrunnur nemenda og hugsanlega aldur skipt einhverju máli, en ekki er ólíklegt að muninn megi einnig skýra – að einhverju leyti að minnsta kosti – með ólíkum áherslum í námi og kennslu. Þetta hlýtur að vera atriði sem skólarnir skoða betur í framhaldinu.


En þrátt fyrir þennan mun kemur fram nokkuð sameiginlegur skilningur á hlutverki blaðamannsins í samfélaginu. Það bendir til að hér sé um raunverulegan mun að ræða á mati þessara tveggja nemendahópa á því hvað einkenni íslenska blaðamenn. Sérstaklega var spurt um hlutverk blaðamanna og reyndist ekki áberandi munur þar á milli hópanna. Á mynd 6 eru settar fram ýmsar fullyrðingar um hlutverk blaðamanna og það kemur ekki á óvart að þetta rímar vel við þá eiginleika sem nemendurnir töldu að blaðamenn þyrftu að hafa. Hér er aðhalds- og lýðræðishlutverkið áberandi og greinilegt að nemendurnir sjá það sem hlutverk blaðamanna að stuðla að fjölbreyttri umræðu og jafnrétti. Á sama tíma er ekki lögð nærri eins mikil áhersla á afþreyingar- og skemmtanahlutverkið.

Raunar má segja að hugmyndir nemendanna endurspeglir eða séu ekki einvörðungu í takt við hugmyndir þeirra um ákjósanlega eiginleika hjá blaðamanni, heldur eru þær jafnframt í nokkuð góðu samræmi við þær hugmyndir sem starfandi blaðamenn sjálfir hafa um störf sín. Árið 2012 var framkvæmd á Íslandi á vegum starfshóps um fjölmiðlarannsóknir úr HÍ og HA könnun meðal íslenskra blaðamanna og var hún gerð í samstarfi við Worlds of Journalism Study sem er alþjóðleg samburðarrannsókn. Í þeirri könnun var spurning sem er ekki efnislega ósvipuð þeirri sem hér var lögð fram og er athyglisvert að bera saman niðurstöður (Mynd 7).


Áberandi er að þau atriði sem starfandi blaðamenn leggja þyngsta áherslu á eru þau sömu og nemendurnir nefna. Sú hugmynd að blaðamaðurinn sé hlutlaus áhorfandi sem segir frá hlutunum eins og þeir eru og tryggir af sanngirni að ólík sjónarmið fái framgang eru áberandi á báðum stöðum. Sömuleiðis eru atriði sem báðir hópar telja ekki mikilvæg hlutverki blaðamannsins, eins og það að hafa áhrif á almenningssátt.

Samantekt

Þegar á heildina er lítið er ljóst að nemendur í háskólunum sem leggja stund á blaða- og fréttamennsku og fjölmiðlafræði eru ekki í grundvallaratriðum með aðra sýn á hlutverk sitt og störf en þeir blaðamenn sem eru starfandi í dag. Þvert á móti má segja að íslenskir nemendur séu í miklum samhljómi við starfandi blaðamenn hvað varðar sýn á blaðamannastarfið og almenna hugmyndafræði. Þá er ekki síður athyglisvert að nemendurnir virðast hafa trú á að hefðbundnir miðlar muni áfram skipa mikilvægan og trúlega mikilvægasta sessinn í íslensku fjölmiðlaumhverfi. Þeir sjá sjálfa sig helst vinna í sjónvarpi eða á blöðum en síður í einhvers konar netmiðlun. Þá er ástæða til að velta fyrir sér framtíð og hlutskipti erlendra fréttastofna sem virðast ekki heilla það unga fólk sem hyggst gera blaðamennsku að framtíðarstarfi.



Mynd 6. Hlutfall þeirra sem sögðu viðkomandi hlutverk mjög eða frekar mikilvæg.



Mynd 7. Hér má sjá svör starfandi blaðamanna úr WJS könnuninni þar sem þeir gáfu ólíkam hlutverkum einkunn á skala frá 1-5 þar sem 5 var mjög mikilvægt en 1 mjög lítilvægt. Dökku súlurnar sýna hvar mikil samsvörun er milli starfandi blaðamanna og svo nemenda í blaða- og fréttamennsku við HÍ og fjölmiðlafræði við HA.



Pegar Bernadetta mætti ekki á ballið



Eftir
Björn Vigni
Sigurpálsson

Þeir voru ærið þungbúnir á svip og allt að því ráðvilltir fulltrúar stjórnar Bládamannafélagsins þar sem þeir stóðu í anddyri komusalar gömlu flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Gesturinn sem þeir voru komnir til að taka á móti, Bernadetta Devlin, heiðursgesturinn á Pressuballi félagsins sem fram átti að fara daginn eftir, föstudaginn 17. mars 1972, var hvergi sjáanlegur. Farþegarnir höfðu streymt framhjá uns greinilegt varð að ekki var von á fleirum.

„Sagan um Devlin verður okkur lengi minnisstæð, sem stóðum fyrir ballinu, sem henni var boðið til,“ segir Árni Gunnarsson, fyrrverandi fréttamaður og alþingismaður, þegar hann nú rifjar upp þessa atburðarás. „Hún hafði samþykkt að koma, henni voru sendir farmiðar með tilteknu flugi til Íslands. Þegar við ætluðum að taka á móti henni í Keflavík, þá kom engin Devlin með vélinni. Mig minnr að þetta hafi verið daginn fyrir Pressuballið. Það var uppselt á ballið og þú getur ímyndað þér uppnámið. Við

reyndum að ná tali af henni, en hún svaraði ekki. Um tíma höfðum við áhyggjur af að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir hana, en fengum staðfest að svo var ekki.”

Alin upp í sárri fátækt

Hver var hún þessi heiðursgestur sem gekk svo hressilega á bak orða sinna um að heiðra íslenska blaðamenn og Pressuball þeirra með nærveru sinni? Bernadetta Devlin var kornung baráttukona og hafði verið þingmaður fyrir Norður-Írland í neðri deild breska þingsins. Hún hafði tekið sæti á þingi aðeins 21 árs að aldri, yngst allra kvenna í sögu þingsins fyrr og síðar, og var jafnframt eina konan á þingi á þessum tíma.

Margrét Bjarnason (nú Heinreksdóttir), blaðamaður á Morgunblaðinu,

Heimabær Bernadettu heitir Cookstown og er dæmigerður fyrir hverfaskiptingu og kritur kapólskra og mótmælenda, misrétti og atvinnuleysi margra n-írskra smábæja, segir Margrét. Faðir Bernadettu og móðir höfðu bæði sama ættarnafnið, Devlin, áður en þau giftust. John James Devlin var bláfátækur maður, sonur götusópara í bænum, en móðir hennar var af sæmlega stæðum bændaættum og þegar hún giftist honum í óþökk fjölskyldunnar, útilokaði fjölskyldan ungu hjónin að miklu leyti. Ekki bætti úr skák að þau hjónin hlóðu niður börnum að hætti kapólskra, og segja má að Bernadetta hafi alist upp í hálfgerðri örbirgð, þriðja í röðinni af sex börnum þeirra, fædd 23. apríl 1947. Hún missti föður sinn um miðjan sjötta áratuginn og móðir hennar, sem lagt hafði allt kapp á að koma börnum sín-



Bernadetta Devlin í kosningaham. Pólitískur ferill hennar varð styttri en margir áttu von á.



hafði hitt Bernadettu Devlin á heimaslóðum hennar í N.-Írlandi og skrifaði um hana bakgrunnsgrein nokkrum dögum fyrir auglýst Pressuball þar sem hún sagði nokkur deili á henni:

um til mennta, lést eftir erfið veikindi þegar Bernadetta hafði nýhafið nám í háskólanum í Belfast. Þar varð hún þó fljóttlega mjög virk í félagslífinu og framarlega í hópi róttækustu stúd-

enta, sannfærður sósíalisti, sem er kannski ekki að undra í ljósi uppeldis- aðstæðna.

Margrét segir að þegar Bernadetta fór í framboð í fyrsta sinn – þá í aukakosningum til breska þingsins, hafi ástæðan ekki verið sú að hún væri óumdeildur forustumaður andstöðunnar heldur hafi framboð hennar verið málamiðlun milli hinna ýmsu samtaka og fylkinga. Þau höfðu öll sína fulltrúa á takteinum en til að vinna þingsætið urðu þessari aðilar að sameinast um einn frambjóðanda. Samstaða náðist ekki um neinn – nema Bernadettu.

Margrét segir einnig að athyglin sem fjölmiðlar sýndu Bernadettu eftir að hún var komin á þing hafi ekki síst átt rætur að rekja til þess að hún var ung og skelegg kona – hin eina í Neðri málstofu breska þingsins – og hafi þannig raskað hefðbundinni mynd karlasamkundunnar. Það hafi svo ekki verið til að draga úr athyglinni þegar hún hafi tekið upp á þeirri „ósvinnu“ að mati hins dyggðuga þjóðfélags Írlands að eignast barn utan hjónabands og neita að segja til föður barnsins.

Bernadetta Devlin sat á þingi frá 1969-1974. Meðal eftirminnilegra atvika frá þingferli hennar var þegar henni var meinað að fara í pontu í þingsal eftir Sunnudaginn blóðuga (Bloody Sunday) 30. janúar 1972 sem hún hafði orðið vitni að en skýrt var í þingsköpum að við slíkar aðstæður ætti þingmaður rétt á að taka til máls. Frægt er að í þessum atgangi löðrungaði Bernadetta innanríkisráðherra Íhaldsflokksins, Reginald Maulding, þar sem hann hélt því fram að fallhlífasveit hersins hefði skotið á mót-mælendur í sjálfsvörn.

Einar Ágústsson til bjargar

Þetta var sem sagt konan sem Blaðmannafélag Íslands hafði boðið að verða heidursgestur á Pressuballi félagsins – og mætti ekki. Nú voru góð ráð dýr. Árni Gunnarsson segir:

„Í angist okkar leituum við til Einars Ágústssonar, sem þá var utanríkisráðherra, og báðum hann að koma okkur til bjargar. Hann brást vel



Hér er forsiða Tímans 19. mars 1972 þar sem fjallað var um Pressuballið.

við og flutti góða tölu, en vonbrigði gestanna voru mikil, enda Devlin heimsfræg og barátta hennar naut mikillar samúðar hér á landi. Margir sendu henni góðar gjafir, m.a. vandada ullarpeysu, dúnsæng og margvíslega gripi. Þetta var allt sent til hennar, en hvorki bárust þakkir né skýringar á þessari undarlegu framkomu hennar.“

Eini minjagripurinn um þessa örlagaríku daga sem til er í forum Blaðmannafélagsins er nú orðið lúid gjafabréf með góðum óskum frá aðdáanda ásamt slípuðum óskasteini. „Af ein-

hverjum ástæðum var steinninn ekki sendur, enda kannski lífili vilji til að óska henni góðs gengis eða gefa henni kost á að óska sér einhvers góðs,“ segir Árni Gunnarsson.

Pressuballið var haldið þrátt fyrir allt. *Tíminn* segir frá ballinu í forsiðufrétt, merktri Óó, sem væntanlega er Oddur Ólafsson, sá gamalreyndi blaðamaður og ljósmyndari. Fyrirsögnin var: „**Pressuball: Engin Bernadetta en Einar og Sigríður fóru á kostum**“. Í fréttinni segir: -Þeir sem komast ekki á Pressuballið skemmta sér líklega vel yfir því að



Sumum þóttu Pressuböllin miklar snobbsamkomur eins og fram kemur í greininni og hér má sjá þrúðbúin, Ólafur Jóhannsson bókmenntagagnrýnenda á Vísí, Svövu Jakobsdóttur, Sigríði Ásdísi Pórarinsdóttur og Odd Ólafsson, höfundur fréttarinnar í *Tímanum* sem vitnað er til í greininni.

Bernadetta Devlin sá sér ekki fært að koma hingað, en þrátt fyrir að við verðum að halda ballið án hennar skulum við skemmta okkur vel þessa kvöldstund, sagði Árni Gunnarsson,

formaður Blaðamannafélagsins, þegar hann setti ballið á föstudagskvöld. Og orðum hans var tekið svo, að líklega hefur aldrei verið haldið glæsilegra pressuball.

Og áfram segir í fréttinni:

Önnur ung kona, sem Blaðamannafélagið bauð til landsins í tilefni Pressuballs, Sigríður Magnúsdóttir söngkona, vakti fádæma hrifningu með söng sínum og glæsileik, og þrátt fyrir allt urðu ballgestir ekki af ræðu stjórnálmanns, því að Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, sté óvænt á svið og fór á kostum, er hann sagði frá viðskiptum blaðamanna og viðmælenda þeirra.

Philip Jenkins píanóleikari skilaði sem aðrir hlutverkir vel og þeir félagar Borgar Garðarsson og Pétur Einarsson, fluttu gamanþátt, sem var vel við hæfi og einstakur að því leyti að hann verður ekki fluttur hvorki fyrir né síðar. Þegar Pressuvals Magnúsar Blöndals var leikinn, héldust gestir ekki við í sætum sínum og dunaði dansinn upp frá því fram á rauða nótt.

Hrært í Bernadettu

Löngum hefur þótt ljóst að hrært hafi verið í Bernadettu Devlin fyrir væntanlega komu hennar til landsins. Alþýðubandalagið hafði boðað að hún

yrði ræðumaður á fundi í bandalaginu laugardaginn 18. mars, daginn eftir Pressuballið. Þetta varð til þess að stjórn Blaðamannafélagsins kom saman og sendi frá sér yfirlýsingu um að samkvæmt samtölum stjórnarmanna við Bernadettu væri ljóst að hún talaði einungis á Pressuballinu. Um þetta segir í áður nefndri frétt Odds Ólafssonar í *Tímanum*:

„Grunur leikur á því, að Bernadetta Devlin hafi verið talin af því að koma á Pressuballið. Er þá ekki öðrum til að dreifa en þeim, sem hafa undanfarið unnið að því að fá hana á fund hér í Reykjavík. Devlin var áður búin að lýsa því yfir, að hún myndi ekki mæta á neinum fundi, þar sem hún kæmi hingað í boði Blaðamannafélagsins.

Eflaust hefur verið fremur auðvelt að telja henni trú um að á Pressuballi væri samansafn lúterskra íhaldsmanna. Hitt er ekki vitað og mun á það reyna, hvort þeir sem nú telja sig hafa tryggt sér Devlin í apríl eru kaþólskari og írsk-sinnaðri en þeir sem sækja Pressuball.

Bernadetta Devlin afþakkaði ekki einu sinni boðið á Pressuballið. Hún sendi einungis farmiðana til baka orðalaust, eins og Flugfélag Íslands í London væri einhver aðili að málinu. Þessi hegðun öll krefst skýringa. Þetta er móðgun við íslensku pressuna – hið frjálsa orð – sem írskur málstaður hefur ekki þurft að kvarta undan. Gestur á Pressuballi getur komið svo að segja hverju sem er til fjölmiðla, málstað sínum til framdráttar. Öðru máli gegnir um einhvern ræðumann á fundi hjá Alþýðubandalaginu – og það hlutskipti virðist konan hafa kosið sér, samkvæmt „góðra manna ráðum“.

Pressuböllin umdeild

Árni Gunnarsson staðfestir nú að ítarleg athugun hafi farið fram til að leita skýringa á atferli Bernadettu Devlin, og þar hafi ein skýring þótt öðrum fremri og sannferðugri. „Þannig var, að Pressuböllin voru umdeild innan félagsins. Hinir gallhörðu sósíalistar töldu félagið gera broddborgurum og peningastéttinni of hátt undir höfði. Fáir aðrir en efnamenn hefðu tök á að



Umfjöllunin í *Þjóðviljanum* þar sem ásökunum um að Alþýðubandalagið hafi með einhverjum hætti borið ábyrgð á fjarveru Bernadettu Devlin er svarað.

sækja þessar samkomur, sem vissulega kostuðu stórfé. Einn helsti aðdáandi Írlands og írskrar menningar, og harður „sossi“, ákvað að koma í veg fyrir, að stúlkukindin kæmi til landsins. Hann hringdi í hana og sagði henni, að Pressuböllin væru samkomur kapitalista og þeirra kvikinda, sem hún sjálf væri daglangt að berjast við. Viðkomandi tókst að fá Devlin ofan af því að fara til Íslands. Þetta var minn góði vinur Jónas Árnason, rithöfundur, með meiru. Ég bar þetta upp á hann mörgum árum síðar, en hann bara hló og sagði, að stelpa hefði ekkert erindi átt hingað til lands. Ég held að þessi saga hafi aldrei verið sögð, en hún sýnir kannski í hnotskurn hörkuna, sem þá var í pólitíkinni.“

Umfjöllun á forsiðu Timans þegar ljóst var að Bernadetta Devlin myndi ekki koma.

BERNADETTA SAT AF SÉR PRESSUBALLIÐ Í LONDON

K.J. Heykjavík.
Tímannum hefst í gær fréttatilkynning frá stjórnum Blámannafélags Íslands, þar sem skýrt er frá því, að Bernadetta Devlin hafi hafið við að þiggja bótið á Pressuballið, sem efnt var í gærkvöldi.

Vantánleg kona Bernadetta hingað hafði vakid mikla athygli, og höfðu ýmsir einstaklingar hafið í framskiptum við hana til að fara henni gjafir, m.a. „capes“, peysur og dansangur. En Bernadetta situr enn í London.

Fréttatilkynning stjórnaðri fer hér á eftir:

Stjórnum Blámannafélags Íslands hefst í gær, laust fyrir klukkan 16.00, tilkynning frá skrifstofu Fláglógu Íslands í Londonum, ljósum klukka stundum áður en Pressuballið sítu að hefjast. Þangað hafði þá borist bréf nokkrum mínútum áður þar sem ritari Bernadettu Devlin segir, að þingmáðurinn hafi ekki í hyggju að fara til Íslands, og skili því farniða sínum. Félaginu hefur ekki borist nein írskar skýring á þessari framsömu þingmannsins. Þingmáðurinn hefur spjallur fyrir nokkrum dögum fyllissab stjórnum Blámannafélagsins um, að hann myndi koma til landsins og sjá hef félagsins. Tók þingmáðurinn þá sérstaklega fram, að þó myndi ekki bregðast að hana kæmi. Aftan á því, að stjórnum Blámannafélagsins bringdi til hennar til að fá vísu fyrir að hún kæmi voru þau afskipti sem Alþýðubandalagið hafði haft af fyrirhugaðri ferð hennar hingað. Alþýðubandalagið hefur tilkynnt, að Bernadetta komi hingað á þessu vori í þess bót. Blámannafélaginu hafa boðar margar gjafir til Bernadettu Devlin frá aðsendum hennar m.a. háfa kosur þjónab á hana og son hennar peysur og útbúð dansangur, og mun félagið að sjálfsögðu koma þeim stjórnum áleiðis.

Pressuballið hófst í gærkvöldi á Hótel Sögu á fyrirhugaðum tíma, enda miðað af öðrum göðum gestum og vönduð dagskrá.



Já, þarna situr hún blessuð og fer hvergi, þótt Pressuballið sé í bót. Þó þarf ekki að taka það fram, að Bernadetta er í miðri — myndin er tekin í London. UPL.

Hvað varð um Bernadettu Devlin?

Pólitískur ferill Bernadettu Devlin átti aldrei eftir að ná þeim hæðum sem áður var eftir að hún ól dóttur sína, Róisín, og neitaði að segja til föðurins. Margir sanntvæðir kapóllíkkar úr stuðningsmannahópi hennar sneru þá við henni baki. Hún kynntist hins vegar ekki löngu síðar Michael McAliskey, róttækum kennara, og þau giftu sig 1973. Hann gekk Róisín í föðurstað og Bernadetta tók sömuleiðis upp ættarnafn eiginmanns síns og nefnir sig nú Bernadetta Devlin McAliskey. Saman eignuðust McAliskey-hjónin síðan dótturina Deirdre.

Bernadetta féll af þingi árið 1974. Hún og eiginmaður hennar voru meðal stofnenda Irish Party Republican Socialist 1974. Bernadetta bauð sig síðar fram til Evrópuþingsins en hafði ekki erindi sem erfiði. Sömu sögu er að segja um framboð hennar til írsku löggjafarþingsins, Dail Eireann. Árið 1981 var McAliskey-hjónunum sýnt banatílræði þegar vígamenn úr Unionist Ulster Defence Association skutu að þeim sjö skotum með dætur



Bernadetta Devlin í dag.

þeirra sem áhorfendur. Þetta gerðist þrátt fyrir að húss þeirra ætti að vera gætt af breska hernum.

Alvarleg ógn

Á síðari árum hefur Bernadetta m.a. komist í fréttirnar fyrir stuðning sinn við réttindi samkynhneigðra sem vildu taka þátt í göngunni í New York sem fram fer jafnan á degi heilags Patreks.

Árið 2003 var henni meinað að koma til Bandaríkjanna af þeirri ástæðu að hún væri „alvarleg ógn við öryggi Bandaríkjanna“. Hafði hún þó íðulega heimsótt landið árin á undan.

Dætur Bernadettu hafa báðar tekið í arf baráttuhug foreldra sinna og eru róttækir aðgerðasinnar. Sú eldri, Róisín, var þannig handtekin 1996 í tengslum við sprengjutilræði IRA við breska herstöð í Þýskalaland. Róisín var þá ófrísk og móðir hennar fór hamförum til að fá hana leysta úr fangelsinu.

Hin, Deirdre, er þó þekktust sem leikkona og lék m.a. á móti Helen Mirren í myndinni *Some Mother's Son* frá 1996 en hún byggir á hungurverfallinu í Maze-fangelsinu á N.-Írlandi árið 1981. Deirdre var í för með móður sinni þegar henni var vísað frá landi í Bandaríkjunum.

Bernadetta Devlin McAliskey hefur ótrauð haldið áfram að helga sig samfélagsmálum í N.-Írlandi og vinnur þegar síðast fréttist með farandverkamönnum að því að bæta kjör þeirra og aðbúnað í N.-Írlandi.

Tilnefningar til Blaðamannaverðlauna 2013

Hér á eftir fara tilnefningar dómnefndar Blaðamannaverðlaunanna, en þrjár tilnefningar eru í hverjum af fjórum flokkum verðlaunanna.

Viðtal ársins 2013

Kristjana Guðbrandsdóttir, DV: Fyrir upplýsandi og vel skrifað viðtal við Gunnar Smára Egilsson þar sem hann gefur afar fróðlega innsýn inn í heim fjölmiðla og ákvarðanir sem þar eru teknar auk þess að kryfja sjálfan sig og reynslu sína til mergjar.

Orrí Páll Ormarsson, Morgunblaðinu: Fyrir einstakt viðtal við Eypór Eyjólfsson um ólíka stöðu samkynhneigðra milli heimshluta, þróun tíðarandans og hjartaáfallið sem hann fékk þegar hann sá maka sinn, Junya Nakano, látinn.

Stígur Helgason, Fréttablaðinu: Fyrir áhrifaríkt viðtal við Maríu Rut Kristinsdóttur sem upplifði kynferðisofbeldi sem hún tókst á við með aðstoð menntamálaráðherra. Nú formaður Stúdentaráðs berst hún við ráðherrann á opinberum vígstöðvum.

Rannsóknarblaðamennska ársins 2013

Eva Bjarnadóttir, Fréttablaðinu: Fyrir greinargóða og yfirgripsmikla umfjöllun um viðkvæm málefni sem sjaldan er fjallað um, sjálfræðissviptingu og nauðungarvistun geðsjúkra.

Jón Bjarki Magnússon og Jóhann Páll Jóhannsson, DV: Fyrir upplýsandi og athyglisverða umfjöllun um hælisleitendur og fyrir að fylgja því m.a. vel eftir hvort mögulega hafi verið brotið á réttindum einstaklinga í hópi þeirra.

Ægir Þór Eysteinnsson, Kjarnanum: Fyrir markverða samantekt á rekstri, starfsháttum og lánveitingum Sparisjóðs Keflavíkur og sér í lagi fyrir úttekt á því hvernig stofnfjárbréf sjóðsins gengu kaupum og sölum árin fyrir fall hans.

Umfjöllun ársins 2013

Fréttastofa 365: Fyrir heildstæðan og ítarlegan fréttaflutning af skotárás í Hraunbæ þar sem stuðst var við fjölbreytt form fjölmiðla til að koma öllum hliðum sögunnar til skila.

Ritstjórn Kastljóss: Fyrir áhrifamikla umfjöllun um kynferðisbrot og afleiðingar þeirra með afhjúpun á brotum manns til áratuga. Í kjölfarið kom viðtal við tvo menn sem kærðu kynferðisbrot árið 2005 og ítarleg umfjöllun um útskýfun ungrar konu frá litlu samfélagi eftir að hún kærði mann fyrir nauðgun.

Ritstjórn RÚV: Fyrir umfangsmikla umfjöllun fyrir Alþingiskosningarnar 2013 þar sem tókst að koma sjónarmiðum allra 15 framboða á framfæri og gera baráttumál þeirra aðgengileg almenningi á þann hátt sem mikilvægt er í lýðræðisríki.

Blaðamannaverðlaun ársins vegna 2013

Bergljót Baldursdóttir, Fréttastofu Ríkisútvarpsins: Fyrir viðtæka umfjöllun um ýmis vísindi og rannsóknir, ekki síst heilbrigðismál. Með sérhæfingu tekst henni að sýna erfiða stöðu í heilbrigðiskerfi landsmanna í fjárveitingum, húsnæði, tækjabúnaði, starfsmannamálum og vanda sjúklinga. Jafnframt hefur hún sýnt fram á góðan árangur heilbrigðisstarfsmanna við erfiðar aðstæður.

Helgi Seljan, Kastljósi Ríkisútvarpsins: Fyrir margháttaða og ítarlega umfjöllun um fjármál, heilbrigðismál og lögreglu- og fangelsismál. Helgi hefur með viðfæðinni gagnaöflun beint kastljósinu að skattamálum stóriðjufyrirtækja, málefnum geðsjúkra, meðal annars fanga, og að kynferðisofbeldi.

Svavar Hávarðsson, Fréttablaðinu: Fyrir yfirgripsmikil og vönduð skrif um ólík efni. Má þar nefna umfjöllun um vandamál tengd virkjun háhitasvæða sem fram hafa komið í Hellisheiðarvirkjun og rekstri hennar, sildardauða í Kolgrafarfirði þar sem skoðaðar voru ýmsar hliðar á samspili manna og náttúru og um raforkusölu Íslands til Evrópulanda um sæstreng.



Handhafar Blaðamannaverðlauna fyrir árið 2013 ásamt höfundi Myndar ársins.

Mynd: Andri Marínó

Verðlaunahafar og rök dómnefndar

Viðtal ársins

Viðtal **Stígs Helgasonar** sem birtist í Fréttablaðinu er áhrifaríkt og segir margbrotna sögu Maríu á sterkan og beinskeyttan hátt, þar sem hugarfari, togstreitu og tilfinningum Maríu er listilega lýst.

Stígur varpar ljósi á flókið tilfinningasamband fórnarlamb kynferðisofbeldis til gerandans og lýsir vel vangaveltum hennar um áhrif fortíðarinnar á lífsleið hennar – Eins og hvernig ofbeldið leiddi til þess að hún missti áhugann á lögfræði, sem hún vildi læra, þar sem trúin á réttarkerfið hvarf við sýknudóm fósturföðursins. Einnig heilabrotu um hvort vantraust hennar á karlmönnum hafi verið ástæða þess að hún kaus að búa með konu.

Stígur sýndi viðmælanda sínum verðskuldaða virðingu án þess að draga neitt undan. Viðtalið er hnitmiðað, áhrifaríkt og varpaði ljósi á óvenjulegar aðstæður í baráttu stúdentna við yfirvöld. En fyrst og fremst vekur viðtalið von um að hægt sé að styrkjast við raunir líffisins.

Rannsóknarblaðamennska ársins

Í umfjöllun sinni um hælisleitendur á Íslandi varpa blaðamennirnir, **Jón Bjarki Magnússon** og **Jóhann Páll Jóhannsson**, ljósi á aðstæður fólks hér á landi sem fæstir láta sig varða.

Þeir leiða lesendur sína inn í skúmaskotin, gefa röddum hælisleitenda vægi, benda á neikvæð og niðurlægjandi viðhorf, sýna fram á brotalamir í kerfinu og síðast en ekki síst fylgja mörgum þráðum vel eftir.

Með umfjölluninni í heild er vakin verðskulduð athygli á aðbúnaði og aðstæðum hælisleitenda á Íslandi og þá um leið á málaflokki sem hefur vaxið að umfangi í íslensku samfélagi síðustu misserin.

Umfjöllun ársins

Verðlaun fyrir umfjöllun ársins fær **ritstjórn Kastljóss** fyrir

áhrifamikla umfjöllun um kynferðisbrot og afleiðingar þeirra. Kastljós afhjúpaði ítrekuð kynferðisbrot Karl Vignis Þorsteinssonar með játningum hans og afhjúpaði um leið vanmátt samfélagsins til að takast á við brot hans. Umfjöllun Kastljóss um vanmátt samfélagsins gagnvart kynferðisbrotum hélt áfram með áhrifamiklum viðtölum við Hilmar Þorbjörnsson og Eirík Guðmundsson um kærur þeirra fyrir kynferðisbrot á hendur kennara á Ísafirði. Einnig fjallaði Kastljós um mál Guðnýjar Jónu Kristjánsdóttur sem fluttist frá heimabæ sínum eftir að hluti bæjarbúa studdi dæmdan nauðgara hennar opinberlega. Vönduð umfjöllun Kastljóss sýndi berlega hve erfitt það getur verið að leggja fram kærur vegna kynferðisbrots og standa í kjölfarið keikur gagnvart gagnrýni nærsamfélagsins en áhrifamáttur umfjöllunarinnar sást líka greinilega í verulegri fjölgun kæra í kjölfar hennar.

Blaðamannaverðlaun ársins

Bergljót Baldursdóttir hefur um árabíl fjallað um margháttuð vísindastörf og rannsóknir. Hún hefur farið inn á ólík fræðasvið, ekki síst heilbrigðismál og þannig með tíma og fyrirhöfn aflað sér víðtækrar þekkingar. Með því hefur henni tekist að gefa innsýn í flóknar sérgreinar. Á það bæði við um innlendar sem erlendar rannsóknir.

Bergljót hefur undanfarið leitt heilbrigðismálategymi fréttastofu Ríkisútvarpsins. Ásamt henni skipa það fréttamennirnir Sunna Valgerðardóttir og Valgeir Örn Ragnarsson. Tegymið hefur fjallað um heilbrigðismál á landsvisu og dregið fram margháttaðan vanda sem oftast en ekki á rót sína að rekja til sílækkandi fjárframlaga og aðhalds í rekstri. Umfjöllun Fréttastofu Ríkisútvarpsins sem Bergljót leiddi reis hæst í október þegar hún ræddi við starfsfólk og sjúklinga á þremur lyflækningadeildum Landspítalans. Þessar fréttir drógu fram með skýrum hætti að ekki yrði gengið lengra í aðhaldi og sparnaði.





Verðlaunamyndirnar 2013



Dómnefnd:

Bjarni Eiríksson, Dagur Gunnarsson og Karl Petersson skipuðu dómnefndina sem fór í gegnum fréttamyndirnar, íþróttamyndirnar og myndraðirnar.

Gísli Egill Hrafnsson, Aldís Pálsdóttir og Hörður Sveinsson sátu í dómnefndinni sem fór í gegnum tímaritamyndirnar, portrettin, daglegt líf og umhverfi.

Mynd ársins



Ljósmyndari:
Páll Stefánsson



Umsögn dómnefndar:

Tilfinningaþrungið portrait sem fangar athygli áhorfanda samstundis, vekur upp óræðnar tilfinningar og lætur áhorfandann vilja vita meira um viðfangsefnið, hver er stúlkan, hvað kom fyrir?

Mynd ársins er af Maylis Lasserre, franskri stúlku sem var týnd á Vestfjörðum í tvo daga. Myndin var einnig valin portrettmynd ársins.

Íþróttamynd ársins



Ljósmyndari:
Árni Torfason



Umsögn dómnefndar:

Hin rísandi unga stjarna, Aníta Hinriksdóttir, er í brennipunkti þessarar listfengnu myndar sem kemur til skila bæði hraða og hreyfingu.

Daglegt líf



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson

Umsögn dómnefndar:

Snjöll innrömmun hjá ljósmyndaranum, að ná að fanga augnarráð „pinup“-stúlkunnar í glugganum, sem gjóar augunum að unga fólkinu í uppvakningagervinu. Tvinnar saman þeirra ólíku (þó ekki) menningarheima.

„Daglegt líf“-mynd ársins er af uppvakningum á Hverfisgötu.



Tímaritamynd ársins



Ljósmyndari:
Kristinn Magnússon



Umsögn dómnefndar:

Skemmtilega unnin mynd af tónlistarmanninum Ásgeiri Trausta. Myndvinnsla í takt við tónlistarstefnu hans. Dæmi um einfalda hugmynd, sem virkar.

Portrettmynd ársins



Ljósmyndari:
Páll Stefánsson



Umsögn dómnefndar:

Tilfinningaþrungið portrait sem fangar athygli áhorfanda samstundis, vekur upp óræðnar tilfinningar og lætur áhorfandann vilja vita meira um viðfangsefnið, hver er stúlkan, hvað kom fyrir?

Portrettmynd ársins er af Maylis Lasserre, franskri stúlku sem var týnd á Vestfjörðum í tvo daga. Myndin var einnig valin mynd ársins.

Umhverfismynd ársins



Ljósmyndari:
Vilhelm Gunnarsson



Umsögn dómnefndar:

Áhrifarík mynd sem dregur skýrt fram hversu stór í sniðum síldardauðinn í Kolgrafarfirði var. Val ljósmyndara á sjónarhorni gerir það að verkum að landið virðist „teppalagt“ af síld. Útkoman er á vissan hátt yfirþyrmandi en jafnframt súrrealísk.

Fréttamynd ársins



Ljósmyndari:
Sigtryggur Ari
Jóhannesson



Umsögn dómnefndar:

Umsögn dómnefndar: Þetta er ákaflega einföld og vel uppbyggð fréttamynd. Styrkur hennar felst í samspili magnþrunginnar birtu og einfaldleikanum sem kalla fram sterk hughrif. Hún markar endalokin á langri og sorglegri sögu afbrotamanns sem öll þjóðin var meðvituð um. Fréttamynd ársins er af Karli Vigni Þorsteinssyni er hann var færður fyrir héraðsdómara.

Myndröð ársins



Ljósmyndari:
Kjartan Þorbjörnsson



Umsögn dómnefndar:

Frábær og vel unnin myndröð sem lýsir vel þeim erfiðleikum sem Guðmundur þarf að mæta daglega. Hér er á ferðinni myndröð með mörgum góðum og sterkum myndum.

Guðmundur Felix Grétarsson missti báða handleggina í vinnuslysi árið 1998 og hefur þurft hjálp við daglegt líf síðan. Árið 2013 fór hann til Frakklands þar sem þarlendir læknar hafa ákveðið að reyna að græða á hann nýjar hendur. Síðustu vikuna fyrir brottför var mikið að gera og ljósmyndari fylgdist með.

Myndir ársins 2013 í Gerðarsafni

Verðlaun fyrir Myndir ársins voru veitt samhliða því að sýningin Myndir ársins 2013 var opnuð við hátíðlega athöfn í Gerðarsafni, 15. febrúar.

Á sýningunni eru bestu myndir félaga í Blaðaljósmyndarafélagi Íslands (BLÍ) frá árinu 2013, ásamt bestu myndskreiðum fréttatökumanna. Um 1.000 myndir voru sendar inn í myndasamkeppni Blaðaljósmyndarafélags Íslands, BLÍ en sex manna dómnefnd valdi þær 160 myndir sem prýða sýninguna.

Dómnefnd valdi einnig þær myndir sem þóttu skara fram úr í hverjum flokki auk þess að velja mynd ársins.

Á neðri hæð Gerðarsafns opnaði BLÍ einnig sérsýningu á myndum Sigurgeirs Jónssonar, ljósmyndara úr Vestmannaeyjum – Eyjar í 65 ár.

Að sama tilefni var jafnframt valið myndskreið ársins frá fréttatökumönnum ljósavakamiðla. Myndskeið ársins tók Baldur Hrafnkell Jónsson.

Íslandsbanki og VÍB eru samstarfsaðilar BLÍ við sýninguna Myndir ársins 2013.



Verðlaunahafar í samkeppni Blaðaljósmyndarafélags Íslands, Myndir ársins 2013.

Mynd: Andri Marínó

Mikill metnaður í íslenskri fjölmiðlun

Ávarp Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefndar, við afhendingu Blaðamannaverðlauna BÍ

Ágæta samkoma.

Við erum hér saman komin til að afhenda Blaðamannaverðlaun Blaðamannafélags Íslands fyrir umfjöllun fjölmiðla á liðnu ári 2013.

Það er liðinn um áratugur frá því að verðlaunin voru afhent í fyrsta sinn. Í síðasta tölublaði Blaðamannsins, tímariti blaðamanna, rifjaði fráfarandi formaður verðlaunanefndarinnar, Birgir Guðmundsson (guðfaðir verðlaunanna til margra ára), það upp að ekki hafi allir félagsmenn verið sannfærðir um að stéttin gæti staðið að verðlaunaveitingu sem þessari svo vel færi.

„Meðal þess sem gagnrýnendur töluðu um“, segir Birgir, „var að fjölmiðlasamfélagið á Íslandi væri of lítið til að standa undir verðlaunum af þessu tagi, og nánast allt sem gert væri myndi þá verða sjálfkrafa verðlaunaefni, og svona nokkuð myndi lítið annað gera en ýta undir þá ímynd að blaða- og fréttamenn væru sjálfhverfir og sjálfumglaðir og þætti ekkert skemmtilegra en fjalla um og skjalla hver annan. Óhætt er að fullyrða að þessi gagnrýni hefur reynst fullkomlega óréttmæt,“ segir Birgir.

Hann bendir líka á að öfugt við það sem margir töldu – að verðlaun í þremur flokkum væri alltof mikið fyrir hið litla fjölmiðlasamfélag landsins – þá hafi

þótt ástæða til að fjölga flokkum og á síðasta ári hafi því í fyrsta sinn verið veitt verðlaun fyrir *Viðtal ársins* auk hinna fyrri flokka sem eru *rannsóknarblaðamennska*, *umfjöllun ársins* og *blaðamannaverðlaun ársins*. Allir þessir flokkar hafa sama vægi í hugum nefndarmanna. Skemmst er frá því að segja að eftir yfirferð verðlaunanefndar um hinar fjölmörgu tillögur að tilnefningum sem henni bárust, virðist óviða vera meiri gróska í fjölmiðlun en einmitt í nýjasta flokkum, viðtölunum, en úr óvenju mörgum frambærilegum viðtölum var að velja í þetta skiptið. Að sama skapi má segja að heldur virðist hafa dregið máttinn úr eiginlegri rannsóknarblaðamennsku og hlýtur að mega rekja það til mannfæðar á ritstjórnnum vegna þeirra þrenginga sem ganga yfir fjölmiðlana um þessar mundir.

Á hinn bóginn er ekki hægt að kvarta undan efnisþurrð því alls bárust nefndinni tillögur um tilnefningar á sjöunda tug einstaklinga, margir hverjir tilnefndir fyrir fleiri en eina umfjöllun, og í nokkrum tilfellum voru heilu ritstjórnirnar eða hluti þeirra tilnefndur. Efnid er vægast sagt fjölbreytt en þó er því ekki að leyna að ýmsar skuggahlíðar mannlegs samfélags eru áberandi og brjótast úr undirdjúpunum upp á yfirborðið með meiri fyrirgangi en áður hefur þekkt. Að

sjálfsgöðu er kreppan í heilbrigðiskerfinu mjög á dagskrá og eins baráttu fólks með geðraskanir fyrir því að sjúkdómar þess verði litnir sömu augum og aðrir sjúkdómar. Að nokkru leyti má segja að tilnefningar til blaðamannaverðlauna séu einhvers konar aldarspejill og þannig birtingarmynd þjóð- og samfélagsbreytinga frá einum tíma til annars.

Yfirlýstur tilgangur blaðamannaverðlaunanna hefur verið að efla fagleg vinnubrögð í blaðamennsku. Þær tilnefningar sem nefndinni bárust sýna ljóslega að það býr mikill metnaður í íslenskri fjölmiðlun um þessar mundir, þrátt fyrir margvíslegt andstreymi, og jafnframt ríkur vilji til að standa vaktina fyrir fagið hvað sem öllu áreiti líður.

Að endingu skal tekið fram að nefndarmenn huguðu að venju sérstaklega að hæfi sínu eða vanhæfi til að fjalla um einstakar tilnefningartilögur vegna vináttu, vensla eða annarra tengsla og sögðu sig frá umfjöllun um einstakar tilnefningar þegar þannig stóð á. Að svo mæltu ætla ég að biðja félagi mína í dómnefndinni, þau Örn Schram, Gunnhildi Örn Gunnarsdóttur, Jóhannes Tómasson og Svaborgu Sigmarsdóttur að vera mér til aðstoðar við afhendingu verðlaunanna.



Aðalfundur BÍ 2014

**fimmtudaginn 10. apríl
kl. 20:00 í Síðumúla 23**

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2014 verður haldinn fimmtudaginn 10. apríl nk. að Síðumúla 23, 3. hæð, þar sem félagið er til húsa, og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá fundarins

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

*Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en viku fyrir boðaðan aðalfund.

**BÍ-félagar eru hvattir
til að mæta**

Stiklur úr sögu BÍ

Hér á eftir fara nokkrar stiklur úr langri sögu Blaðamannafélags Íslands en félagið var sem kunnugt er stofnað 1897 í Reykjavík. Þessar og fleiri stiklur er hægt að finna á vef félagsins, www.press.is.



Stikla – Blaðamannafélagið endurreist

Lítið er vitað um starfsemi Blaðamannafélagsins fram eftir 20. öldinni og líklegt að það hafi um einhvern tíma lagst í dvala. Fundargerðarbækur hafa ekki fundist en þó má greina á frásögnum manna eins og Vilhjálms Þ. Gíslasonar í Blaðamannabókinni 1948 að félagið var starfandi sem eins konar klúbbur. Vilhjálmur nefnir t.d. að það hafi verið fyrir milligöngu Blaðamannafélagsins, sem landkynningarstarfsemi fyrir erlenda fréttamenn var unnin upp fyrir Alþingishátíðina 1930 og telur hann að félagið hafi átt drjúgan þátt í því að umfjöllun um land og þjóð erlendis hafi almennt verið góð og upplýst.

En séu fundargerðarbækur skoðaðar þá er ljóst að talin var ástæða til að endurreisa félagið á sérstökum fundi á Hótel Borg í október 1934 og er tilganginum þá lýst þannig að félagið eigi „að vinna að sameiginlegum áhugamálum blaðamanna og bæta aðstæður þeirra til að vinna störf sín.“ (Þróstur Haraldsson, 1987) Þarna voru líka komin ákvæði um að félagsmenn skuli vera blaðamenn í aðalstarfi. Hagsmunabaráttu blaðamanna var augljóslega að fá stærri sess hjá félaginu eins og sést t.d. á umræðum úr fundargerðarbókum um nauðsyn þess að fá betri aðstöðu í þinghúsinu.

Blaðamenn boða verkfall

Blaðamannafélag Íslands boðar verkfall félagsmanna sinna á Dagblaðinu, Morgunblaðinu, Vhi og á

timaritum Hinnis hf., Vikunnar og Úrvali, frá og með 20. nóvember nk. Útgáfufyrirtæki fyrnefndra blaða og tímarita höfðu áður boðað verkþann á blaðamenn frá og með 19. nóvember. Önnur dagblöð en þau sem nefnd voru koma þó ekki út heldur vegna verkfalls prentara, sem hefst á mánudaginn.

Á fjölmönnum félagsfundum blaðamanna í gær var samþykkt forðæming á Vinnuveitendasamband Íslands fyrir að hafa samþykkt verkþann á blaðamenn vegna kjaramála við prentara, sem sögð var blaðamönnum óviðkomandi.

-ARR.

Frétt úr Dagblaðinu 1980.

Stikla – Blaðamannafélagið sem stéttfélag

Kjaramál hafa verið áberandi í starfi félagsins alveg frá seinni heimsstyrjöldinni. Meðal mikilvægra mála sem félagið náði fram á þessu tímaskiði flokksmiðlunar er greiðsla í sérstakan sjóð til að styrkja blaðamenn til utanfarar, að greitt var fyrir eftirvinnu, að blaðamenn fengu greitt hálf afnotagjald af síma, ½% af launum fór í Menningarsjóð og sumarfrí voru lengd um 3 daga og umrðu 18 dagar. Launa- og réttindabaráttuhlutverk félagsins hefur síðan verið annað helsta hlutverk þess og félagið hefur byggt upp og staðið vörð um kjör og rétt félagsmanna á ýmsum sviðum, í launabaráttu, í höfundaréttarmálum og í tækifærum til að stunda endurmenntun. Hitt meginhlutverk félagsins kom hins vegar skýrar fram þegar komið var inn á tímabil hinnar hörfandi flokksfjölmíðlunar og þó sérstaklega tímabil markaðsfjölmíðlunar. Þetta var hið faglega hlutverk félagsins.

Stikla – Blaðamannafélagið sem fagfélag

Árið 1958 var sú regla tekin upp að formennska í Blaðamannafélaginu færðist árlega milli einstaklinga á mismunandi fjölmiðlum. Þessi venja hélst allt til 1978 þegar farið var að kjósa formenn á félagsfundum í almennri kosningu. Sú breyting rímar vel við fleiri breytingar sem voru að verða í félaginu. Vilji var til þess að láta félagið verða öflugra fagfélag samhliða því að efla það sem stéttarfélag. Í fram-

haldinu var svo ráðinn framkvæmdastjóri árið 1980. Áratug áður, eða um miðjan sjöunda áratuginn, hafði félagið komið sér upp sérstakri siðanefnd sem úrskurðaði um brot á siðareglum sem félagið kom sér upp samhliða. Siðareglurnar og siðanefndin voru eitt mikilvægasta skrefið í mótun sjálfsmyndar og meðvitundar íslenskra blaðamanna um sig sem fagstétt. Rétt er að benda á að mótun og styrking félagsins sem fagfélags hélst í hendur við auknið sjálfstæði ritstjórna gagnvart stjórn málaöflunum og áherslu á almannahagsmunum á tímabili hörfandi flokksmilunar. Siðareglurnar hafa verið endurskoðaðar og úrvinnsluferfið lagfært nokkrum sinnum, en í grundvallaratriðum standa upprunalegu reglurnar enn. Orð Elíasar Snælands Jónssonar, þáverandi ritstjóra DV, í afmælisútgáfu Blaðamannsins 1987 lýsa vel hugmyndum og áherslum félagsins á síðustu tveimur áratugum síðustu aldar. Elías sagði þar: „Félagið á að efla faglegan metnað blaðamanna, halda uppi umræðum um starfið og ýmis „prinsippmál“ okkar. Þetta hlutverk verður æ mikilvægara eftir því sem samkeppnin harðnar. Hún hefur það í för með sér að blaðamenn þurfa að taka erfiðar ákvarðanir á æ skemmri tíma. Samtímis hafa árásir á fjölmiðlamenn farið vaxandi og því haldið fram að þeir séu ekki vandanum vaxnir. Þetta á félagið að taka til umræðu.“

(Þessar og fleiri stiklur má finna á vefsíðu félagsins, www.press.is)

Siðareglur BÍ

1. grein

Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélag.

2. grein

Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.

3. grein

Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óparfa sársauka eða vanvirðu.

4. grein

Það telst mjög alvarlegt brot þiggi blaðamaður mútur eða hafi í hótunum vegna birtingar efnis. Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

5. grein

Blaðamaður varast að lenda í hagsmunaágreiningi, til dæmis með því að flytja fréttir eða frásagnir af fyrirtækjum eða hagsmunasamtökum þar sem hann á sjálfur aðild. Hann skal fyrst og síðast gæta hagsmuna lesenda og sóma blaðamannastéttarinnar í hverju því sem hann tekur sér fyrir hendur í nafni starfs síns. Blaðamaður hefur í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Hann gætir þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í

myndum og/eða máli. Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningarfrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.

6. grein

Hver sá sem telur að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmuna að gæta, getur kært ætlað brot til Siðanefndar BÍ innan 2ja mánaða frá birtingu enda sé mál vegna birtingarinnar ekki rekið fyrir almennum dómstólum á sama tíma. Áður skal hann þó leita leiðréttingar mála sinna hjá viðkomandi fjölmiðli. Þó getur Siðanefnd úrskurðað um undanþágur frá leiðréttingarkröfum vegna annarra aðstæðna. Siðanefndin tekur kærana fyrir á fundi innan viku og kveður upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er. Taki Siðanefnd kærsmål til efnislegrar athugunar skal hún kanna heildarumfjöllun um málið í hinum kærða fjölmiðli. Kærða skal gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiði sínu. Siðanefnd greinir brot í flokka eftir eðli þeirra:

- ámælisvert
- alvarlegt
- mjög alvarlegt

Úrskurði Siðanefndar verður ekki áfrýjað. Úrskurð Siðanefndar ásamt rökstuðningi skal birta í heild í Félags tíðindum BÍ svo fljótt sem verða má. Úrskurð Siðanefndar skal senda viðkomandi fjölmiðli við fyrsta hentugleika og með ósk um birtingu ef um brot samkv. skilgreiningu b) og c) er að ræða. Þremur dögum seinna skal senda úrskurðinn öðrum fjölmiðlum. Meginniðurstaða nefndarinnar skal birt orðrétt. Við framsetningu fréttar af úrskurðum Siðanefndar sýna blaðamenn alla þá aðgát sem reglur þessar ætlast til. sbr. 1. og 2. grein að framan. Nú telur stjórn BÍ að gengnum úrskurði Siðanefndar að brot sé svo alvarlegt að frekari ráðstafana sé þörf og getur hún þá borið undir félagsfund tillögu um vitar á viðkomandi blaðamann enda sé þeirrar ætlun getið í fundarboði. Nú bera ummæli ekki með sér hver sé höfundur þeirra eða viðkomandi blaðamaður er utan BÍ og gengur þá úrskurður svo sem ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að. Þótt enginn þessara aðila sé í BÍ getur Siðanefnd allt að einu lagt fram rökstutt álit um kæruefni.

BÍ gerir skammtímasamning

Blaðamannafélag Íslands og Samtök atvinnulífsins, fyrir hönd Árvakurs, 365 og RÚV, undirrituðu kjarasamning í byrjun febrúar, en áður hafði BÍ samið við Fréttatímann, DV og Birting. Allir samningarnir voru samþykktir með afgerandi hætti á viðkomandi fjölmiðlum. Hjálmar Jónsson, formaður BÍ, segir samningana nú að mestu samhljóða samningum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá í desember með 2,8% launahækkun afturvirk frá 1. janúar. Hjálmar segir sömu hugsun í þessum samningi og almennu samningunum, að hér sé um aðfararsamning að lengri samningi að ræða og er gildistíminn út þetta ár. Segir formaðurinn það hafa verið mat samninganefndarinnar að skynsamlegast væri að tryggja félagsmönnum þessar hækkunar núna og nota tímann til að undirbúa vel næstu lotu.

KJARASAMNINGUR

Milli

Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Allir kjarasamningar aðila, þ.m.t. sérkjarasamningar, fram-
lengjast til 31. desember 2014 með þeim breytingum sem í
samningi þessum felast.

2. gr.

Kaupliðir

Almenn launahækkun

Hinn 1. janúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um
2,%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu
miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8%
á sama tíma.

Desember- og júlíuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr.
53.600.

Júlíuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við
fullt starf er kr. 29.500.

3. gr.

Gjald til endurmenntunarsjóðs hækkar um 0,1% frá 1. jan-
úar 2014 og verður 0,7%.

4. gr.

Samningsforsendur

Samningur þessi byggir á sömu forsendum og kjarasam-
ningur SA og ASÍ frá 21. desember 2013, (aðfararsamningur,
efnhagsumgjörð og viðræðuáætlun).

Samningi þessum fylgir sérstök bókun um endurskoðun
á gildissviði og launatöflu kjarasamnings aðila vegna
ágreiningsmála sem verið hafa milli aðila.

5. gr.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal kynnt eigi síðar en föstu-
daginn 22. febrúar 2014.

Reykjavík, 7. febrúar 2014

f.h. Blaðamannafélags Íslands f.h. Samtaka atvinnulífsins

Bókun

SA og BÍ munu á samningstímabilinu skilgreina betur
gildissvið og starfsheiti sem falla undir kjarasamning aðila.

Jafnframt munu aðilar endurskoða launaprep í launa-
töflu blaðamanna.

Þessi vinna hefst strax við gildistöku kjarasamnings
aðila og henni verður lokið eigi síðar en 1. maí 2014.

Aðilar eru ennfremur sammála um að bókanir í samningi
aðila frá 2011 um endurskoðun vaktavinnukafla og slysa-
tryggingakafla haldi gildi sínu og áfram verði unnið að
endurskoðun þessara kafla.

Launatafla SA og BÍ – 1. janúar 2014 2,8% hækkun – lágmarkshækkun kr. 8.000

	Byrjunarl.	E. 4 mánn.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	242.409	262.642	274.781	287.648	301.500	340.694	351.453	362.615	374.196
2. flokkur	277.111	301.408	310.694	320.328	330.323	340.694	351.453	362.615	374.196
3. flokkur	285.240	310.694	320.328	330.323	340.694	351.453	362.615	374.196	
Grunnlaun með 15% álagi									
	Byrjunarl.	E. 4 mánn.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	278.771	302.038	315.998	330.795	346.725	391.798	404.171	417.007	430.325
2. flokkur	318.678	346.619	357.298	368.377	379.871	404.171	417.007	430.325	0
3. flokkur	328.027	357.298	368.377	379.871	391.798	404.171	417.007	430.325	0
Grunnlaun með 21% álagi									
	Byrjunarl.	E. 4 mánn.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	293.315	317.796	332.485	348.054	364.815	412.240	425.258	438.764	452.777
2. flokkur	335.304	364.704	375.940	387.597	399.691	412.240	425.258	438.764	452.777
3. flokkur	345.141	375.940	387.597	399.691	412.240	425.258	438.764	452.777	

Launatafla SA og BÍ vegna 365 – 1. janúar 2014

	Byrjunarl.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
Grunnlaun	273.976	296.305	307.744	319.952	332.975	346.864	361.668	377.445
21% álag	331.510	358.528	372.370	387.142	402.900	419.705	437.619	456.709
Desemberuppbót 2014 – 85.092								
Júlíuppbót 2014 – 83.030								

Orlofshús

Blaðamannafélags Íslands



Sumarhús í Brekku, á Akureyri og í Stykkishólmi

